

## **Frakkar vilja hjálpa til við endurreisnina**



Formaður Fransk-íslenska viðskiptaráðsins segir mikilvægt að leita nýrra markaða og efla viðskiptasambönd í kreppunni. Frakkar vilji styðja við íslensk fyrirtæki.

Frönsk stjórnvöld vilja leggja lóð sitt á vogarskálarnar og styðja Ísland upp úr kreppunni, að sögn Emmanuel Jacques, formanns stjórnar Fransk-íslenska viðskiptaráðsins og viðskiptasendifulltrúa Frakka hér.

Jacques segir í samtali við Fréttablaðið frönsk stjórnvöld hafa lengi stutt við bakið á smárikjum sem hafi átt um sárt að binda af ýmsum ástæðum. Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, hafi lýst yfir samúð með þeim sem hafa orðið illa úti í kreppunni og sagt á ársþingi Alþjóðaefnahagsráðsins í Alpabænum Davos í Sviss um síðustu helgi að ríkisstjórnir sterkustu ríkja heims ættu að taka höndum saman og styðja þau lönd sem sitji föst í foraðinu. Á þinginu var jafnframt lögð áhersla á mikilvægi milliríkjaviðskipta fyrir efnahagsbatann.

„Þið munuð ekki eiga mikinn stuðning í Bretlandi og í Hollandi næstu árin, og óvist er með Bandaríkin," segir Jacques. „Við í Frakklandi þekkjam íslensk fyrirtæki á borð við Actavis, Alfesca og Össur aðeins af góðu og gerum allt til að efla og liðka fyrir viðskiptasamböndum. Svo skemmir ekki fyrir að landið er í hjarta Evrópu og Evrópusambandsins," segir hann.

## **Les français souhaitent aider l'Islande à sortir de la crise**

Selon Emmanuel Jacques<sup>1</sup>, Président de la Chambre de Commerce Franco-Islandaise et représentant des affaires commerciales françaises, le gouvernement français souhaite aider l'Islande à sortir de la crise.

M. Jacques a déclaré lors d'un entretien au Fréttabladid que le gouvernement français se préoccupe depuis longtemps du sort des petits états qui rencontrent de nombreux problèmes sur l'échiquier international. Nicolas Sarkozy, le Président français, a exprimé sa sympathie envers ceux qui souffrent de la crise financière. Lors du Forum Economique Mondial qui s'est réuni dans les Alpes Suisses à Davos le week-end dernier, il a demandé aux gouvernements des pays les plus importants de s'unir et de soutenir les pays coincés dans la boue. Le forum fut l'occasion de rappeler l'importance de la coopération internationale pour le bon rétablissement de l'économie mondiale.

« Vous n'aurez pas beaucoup de soutien de la part de la Grande-Bretagne ou des Pays-Bas dans les prochaines années, et la position américaine reste très incertaine, a déclaré M. Jacques. Nous reconnaissons en France le savoir-faire de sociétés telles qu'Actavis, Alfesca et Össur, et faisons tout notre possible pour améliorer et renforcer les liens commerciaux entre les deux pays. Et il ne faut pas oublier que le pays est au cœur de l'Europe et de l'Union Européenne », a-t'il rajouté.

<sup>1</sup> Photo encadrée : Le Président de la Chambre de Commerce Franco-Islandaise pense qu'il est important de trouver de nouveaux marchés et de renforcer nos liens commerciaux pendant la crise. La France soutient les entreprises islandaises.

